

## 002/01 - Hrafn Sveinbjarnarson GK-255

Hrafn Sveinbjarnarson GK 255, skipverji slasast við vinnu við flökunarvél

### Hrafn Sveinbjarnarson GK-255

**Skipaskr.nr.:** 1972

**Smíðaður:** Noregi 1988 stál

**Stærð:** 390,32 brl; 1.028,00 bt

**Lengd:** 47,90 m **Breidd:** 11,00 m **Dýpt:** 7,45 m

**Vél:** Deutz 1.850,00 kW **Árgerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 25

### Atvikalýsing

Hinn 4. janúar 2001 var by. Hrafn Sveinbjarnarson Gk-255 að veiðum á Látragrunni. Veður: kaldi, lítill veltingur.

Skipverjar voru í aðgerð og einn þeirra er hafði eftirlit með fiskvinnsluvélunum var að vinna við flökunarvél er hann sá að fiskur var fastur í sköfuhníf stjórnborðsmegin á vélinni en sjálfur stóð hann bakborðsmegin við vélina. Teygði hann sig yfir vélina og hugðist losa um fiskinn. Við að reyna að losa fiskinn lenti fingur hægri handar á milli sköfuhnífs og sköfuhnífsbrettis svo að hann skarst illa.

Hlúð var að hinum slasaða um borð og ákvað skipstjóri að sigla meða hann til næstu hafnar til frekari aðhlyningar. Var skipinu siglt í áttina til Rifshafnar og björgunarbátur fenginn til að koma út á móti skipinu og sækja hinn slasaða.

### Við rannsókn kom fram

- að slasaði sagði að það bæri að stöðva vélina í slíkum tilfellum en hann hefði ekki gert það og hugðist vera fljótur að losa um fiskinn. Vélin hafi verið í lagi og allur öryggisbúnaður hennar.

### Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir atvikið ef fylgt hefði verið þeim öryggisreglum sem settar höfðu verið, þ.e. að stöðva vélina áður en tekið var til við að lagfæra það sem miður fór.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin vill benda yfirmönnum á að brýna fyrir áhöfn sinni að ávallt sé allur vélbúnaður stöðvaður áður en átt er við að losa fisk úr þeim. Til frekari áréttinga ætti að hengja upp áminningar og viðvörunarspjöld til skipverja á vinnusvæði og í stakkageymslum.